

Nd. 180. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

1. gr.

Í stað orðanna „og ekki hærri en 12 af þúsundi“ í 1. gr. laganna komi: og ekki hærri en 16 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1947 var hámark álagningar vegna sýsluvegasjóða gegn tilskildu framlagi ríkissjóðs hækkað um 2% eða úr 10% í 12%, og komu ákvæði þessi til framkvæmda þegar á því ári. Síðan þetta gerðist hafa þær einar breytingar orðið á framlagi ríkissjóðs, er leiðir af hækkuðu fasteignamati, aðallega vegna húsaþbygginga, en sú hækkun hefur hrokkið skammt til að mæta síhækkandi vegakostnaði síðustu ára. Í þessu sambandi má benda á, að á fjárlögum 1948 voru áætlaðar 9 millj. kr. til viðhalds og endurbóta á þjóðvegum, en nú leggur ríkisstjórnin til, að þessi liður verði áætlaður 17.5 millj. kr., og mun ekki of í lagt. Það þarf því engan að undra, þó að tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. lögnum frá 1947 hrökkvi ekki lengur, ekki einu sinni til vegaviðhalds, ef sæmilega væri fyrir því séð. Mörg hreppsfélög hafa af þessum ástæðum orðið að taka á sig þung gjöld til þess að þoka sýsluvegunum áfram. Með frv. er að því stefnt, að ríkissjóður taki sinn eðlilega þátt í þessu brautruðningsstarfi héraðanna og um leið verði leiðrétt það misræmi, er myndast hefur á síðustu árum.